

14. fundur stjórnar landssambands DKG

Á Zoom 23. nóvember 2020 kl. 19.30

Mættar: Ingibjörg, Eygló, Theodóra, Jenna, Guðrún Edda, Jóna og Aníta. Jónína boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Aníta les fundargerð síðasta fundar, en hún hafði verið samþykkt í tölvupósti milli stjórnarkvenna.

2. Langtímaáætlun.

Ingibjörg segir frá vinnu við langtímaáætlunina. Hún hefur sent hana til yfirlestrar til stjórnar og biður um athugasemdir og viðbrögð. Næsta skref verður að senda áætlunina til formanna til yfirlestrar og einnig til laganefndar. Stefnt að því að leggja áætlunina fyrir landssambandsþing vorið 2021 til samþykktar.

3. Endurskoðun handbókar.

Ingibjörg boðar fund með hóp sem valinn hefur verið til þess að endurskoða handbókina.

4. Ráðstefnan í Finnlandi.

Ráðstefnan hefur verið felld niður. Hún verður haldin í Finnlandi sumarið 2023.

5. Staðan í nefndum – Uppstillingarnefnd, Námsstyrkjanefnd, Félaga og útbreiðslunefnd, Samskipta- og útgáfunefnd, Menntamálanefnd.

Vinna í nefndum er í nokkuð góðum farvegi.

6. Fulltrúi frá alþjóðasamtökunum á landssambandsþing.

Við höfum fengið að vita hvaða fulltrúi frá alþjóðasamtökunum gæti komið til okkar á landssambandsþingið, en það er Grace Rodrigues-Mesa, forseti Suður-Ameríku svæðisins. Ingibjörg hefur fengið bréf þar sem hún er kynnt. Ingibjörg setur sig í samband við hana til þess að undirbúa komu hennar.

7. Önnur mál.

a. Fostering diversity

Evrópuforseti leggur áherslu á þetta þema. Við skoðum möguleikana hjá okkur.

b. Bjóða kennaranemum aðgang að DKG

Ingibjörg hvetur til þess að þetta verði rætt í deildum og mun skrifa um það í næsta fréttabréfi forseta.

c. Achievement Award

Efasemdir um að við getum útnefnt konu til þessara verðlauna.

d. European Award

Guðrún Edda kynnir konu frá Svíþjóð sem tilnefnd hefur verið ein kvenna. Stjórn styður þessa tillögu.

- e. IEG greindi frá fundi með Evrópuforseta og forsetum Evrópulanda með fulltrúa Evrópu í Membership alþjóðanefndinni í janúar.
- f. **Fundur stjórnar með Evrópuforseta og evrópskumfulltrúanefndar að eigin vali þann 12.1.2021.** Áhugavert væri að fá kynningu á Educational Excellence eða Communication and Marketing.
- g. **Setja mynd og fæðingardag inn á dkg.org**
Ingibjörg hefur fengið tilmæli um að setja mynd og fæðingardag og biður stjórnarkonur að gera þetta sem fyrst.
- h. **Næsti fundur**
Næsti fundur verður haldinn eftir áramót og mun Ingibjörg hafa samband og boða til fundar.

Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir